

Styrktarsamningur

mennta- og menningarmálaráðuneytis

við Lýðskólann á Flateyri

Þar sem regluverk um lýðskóla er enn í mótn og vegna sérstakra aðstæðna á Flateyri hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti ákveðið að veita Lýðskólanum á Flateyri rekstrarstyrk út skólaárið 2020/21 og fjallar þessi samningur um þá styrkveitingu.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, er í samningi þessum nefnt ráðuneyti, Félag um stofnun lýðháskóla á Flateyri, kt. 490317-0230, er í samningi þessum nefnd Lýðskólinn.

1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Stuðla að starfrækslu lýðskóla á Flateyri.
- Veita almenna menntun og uppfræðslu í samræmi við ákvæði laga um lýðskóla nr. 65/2019 og undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðissamfélagi
- Tryggja framgang stefnu málefnsaviðs 22 – Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála í málaflokki 22.2 – Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig. sbr. fjármálaáætlun 2020-2024.

1.2. Starfsemi

- Skólinn bjóði upp á nám sem uppfyllir kröfur laga um lýðskóla nr. 65/2019.
- Nemendafjöldi skólans skal að meðaltali vera 40 á hverju skólaári.
- Ætlast er til þess að fyrir lok samnings þessa, fyrir 30.06.2021 sé lýðskólinn kominn með viðurkenningu sbr. 3. gr. laga um lýðskóla nr. 65/2019.

2. Forsendur samnings og lagaheimildir

2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

2.2. Lýðskólinn starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga um umsama starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins. Eftirfarandi lög og reglugerðir kunna því að eiga við:

- Lög nr. 65/2019 um lýðskóla.
- Lög nr. 123/2015 um opinber fjármál.
- Reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.
- Lög nr. 120/2016 um opinber innkaup.
- Upplýsingalög nr. 140/2012.
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993.
- Lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.
- Samkeppnislög nr. 44/2005.
- Lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.
- Lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

3. Styrkveiting

3.1. Heildarstyrkveiting til verkefnisins er 70 m.kr. samtals á þremur námsönum. Framlag fyrir árið 2020 er 40 m.kr. og framlagið fyrir árið 2021 er 30 m.kr. Greiddar eru 10

m.kr. á vorönn 2020 þar sem skólinn hefur þegar fengið 20 m.kr. með styrkjabréfi dags. 12. desember 2019, 30 m.kr. verða greiddar fyrir haustönn 2020 og 30 m.kr. fyrir vorönn 2021.

- 3.2. Fari meðaltalsfjöldi nemenda undir 36 á ári, mun ráðuneytið endurkrefja lýðskólann um 1,5 m.kr. fyrir hvern nemanda sem vantar upp á. Ráðuneytinu er heimilt, í ljósi aðstæðna, að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef afleiðingar náttúruhamfaranna á Flateyri leiða til minni aðsóknar eða skerts framboðs á húsnæði fyrir nemendur.
- 3.3. Framlag í samningi þessum kemur frá málaflokki 22.2 og fellur undir stefnu ráðherra á málefnaviði 22 – Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála í málaflokki 22.2 – Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.
- 3.4. Séu gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málefnaviðs 22 í málaflokki 22.2 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málefnavið 22 og málaflokk 22.2 hjá Lýðskólanum.
- 3.5. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna rekstrarverkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 3.6. Styrkurinn er greiddur í þremur greiðslum, 10 m.kr. við undirritun samnings þessa, 30 m.kr. 1. ágúst 2020 og 30 m.kr. 2. janúar 2021. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Lýðskólans.

4. Ábyrgð Lýðskólans á Flateyri

- 4.1. Lýðskólinn ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Lýðskólinn skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 4.2. Lýðskólinn ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 4.3. Lýðskólanum er óheimilt að:
 - Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Lýðskólinn skilar ráðuneytinu:
 - Starfsáætlun þar sem fram komi m.a. helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok mars 2020.
 - Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert.
- 5.3. Eigi Lýðskólinn í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.
- 5.4. Fyrir lok júlí 2021 hvert skilar Lýðskólinn ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun sbr. gr. 5.2.
- 5.5. Lýðskólinn veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins eða vegna opinberrar upplýsingagjafar. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.

- 5.6. Samning þennan, ársreikning Lýðskólans, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Lýðskólans jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.7. Lýðskólinn setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir verkefnisins, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlunar.


6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. Lýðskólinn tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir skólinn frá úrræðum sem hann hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Lýðskólinn ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.


7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2020 til 30. júní 2021.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara
- 7.4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Flateyri, 26. febrúar 2020



Mennta- og menningarmálaráðherra
Lilja Dögg Alfreðsdóttir



f.h. Lýðskólans á Flateyri